



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 23. október 2007

Tilvísun: UST20070200207/ksj

Virkjun á Hellisheiði í Sveitarfélaginu Ölfus, breyting á deiliskipulagi, tillaga. Hverahlíð á Hellisheiði í Sveitarfélaginu Ölfus, deiliskipulag, tillaga.

Vísað er til erindis frá skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss dagsett 23. febrúar síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar á tillögu að breyttu deiliskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss. Tillagan tekur yfir svæðið fyrir virkjun á Hellisheiði sem nær yfir Stóra-Skarðsmýrarfjall og svæði þar sem bora á þrjár rannsóknarholur við Hverahlíð.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi felur í sér að svæði jarðgufuvirkjunar Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði stækkar um 316,6 hektara. Fram kemur í greinargerð að stækkunin er tvíþætt. Annars vegar er stækkun á svæðinu til norðausturs upp á Stóra-Skarðsmýrarfjall sem er 269,8 hektarar. Á því svæði er gert ráð fyrir 8 nýjum borteigum. Hins vegar er stækkun á niðurrennsliðssvæði sunnan Suðurlandsvegar sem er um 46,8 hektarar.

Virkjun á Hellisheiði, breyting á deiliskipulagi, tillaga

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Náttúruminjar

Svæði deiliskipulagstillögunnar á Skarðsmýrarfjalli er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 752), **Hengilssvæðið, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnassýslu**. Í náttúruminjaskrá segir: (1) *vatnasvið Grænadals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalaá að Varmá.* (2) *Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.* Einnig eru þar jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. Laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun ítrekar að forðast skal röskun þeirra eins og kostur er.

Framkvæmdir

Á uppdrætti af deiliskipulagstillögunni eru sýndir þeir vegir sem lagðir hafa verið til frambúðar á svæðinu. Athygli vekur að vegir sem lagðir hafa verið meðfram safnæðum á svæðinu eru ekki sýndir. Umhverfisstofnun telur að sérstaklega þyrfti að sýna á uppdrætti þá vegi meðfram safnæðum sem teljast varanlegir.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki kemur fram á uppdrætti hvaða geymslusvæði eru áætluð tímabundin og þá til hversu langs tíma, og hvaða geymslusvæði má telja varanleg.


Hvað efnistökuáæði varðar, þá hefur verið samvinna um umgengni og frágang á námum svæðisins milli Orkuveitu Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar, því gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við staðsetningu þeirra.

Rannsóknarholur við Hverahlíð, uppdráttur og greinargerð


Deiliskipulagssvæðið þar sem bora á þrjár rannsóknarholur nær yfir 564 hektara. Merkt er fyrir rannsóknarborholunum á uppdrætti, HE-21 sem þegar hefur verið boruð og HB og HA sem eru væntanleg rannsóknarborholustæði. Hvor borteigur um sig er 3.600 fermetrar og burðarfylling er fengin úr Lambafellsnámu. Hér um að ræða framkvæmdir á fjarsvæði vatnsverndarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2002-2014. Af þessum orsökum þarf eins og fram kemur í greinargerð að hlýta verndarákvæðum fjarsvæða. Umhverfisstofnun minnir á að deiliskipulagssvæðið er á svæði undir hverfisvernd, einnig eru þar jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. Laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun ítrekar að forðast skal röskun þeirra eins og kostur er.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Skipulagsstofnun